

Fundargerð

Skólaráðsfundur 11.febrúar 2026

Mætt eru: Kristín Hlynisdóttir, Lárus Christensen, Vigdís Ingimundardóttir, Snorri Traustason, Laufey M. Jóhannsdóttir.

Áður en þau mál sem voru á dagskrá voru tekin fyrir var rætt um viðbótarfulltrúa í skólaráði skólans. Rætt var um að skilningurinn væri sá að sitjandi meðlimir í stjórn foreldrafélagsins væru mögulega varamenn fyrir þann sem sagt hefur sig úr ráðinu, út skólaárið eða að skólaráð velji viðbótarfulltrúa og nýir fulltrúar foreldra verði síðan kosnir á aðalfundi félagsins. Laufey lýsti yfir áhuga á því að sitja í skólaráði. Væri gott að skerpa á starfsreglum varðandi þetta.

Snorri kom með innlegg um gildi Waldorfskólans.

Fyrsta mál á dagskrá er foreldrafélag skólans.

Lagt var fram að gott væri að það kæmi meira form á starf foreldrafélagsins og meiri stuðningur frá skólanum. Nauðsynlegt að fá tengilið úr kennarahópnum við foreldrafélagið. Það verður tekið fyrir á kennarafundi og unnið með málið.

Í samhengi við það var rætt um hlutverk stjórnarteymis skólans. Snorri útskýrði þá samvinnumenningu sem einkennir skólann og þá m.a. að skólastjórn sé í höndum þriggja aðila sem bera ábyrgð á skólastarfinu gagnvart menntayfirvöldum. Hlutverk stjórnarteymis að fylgjast með því að starfsemin sé í samræmi við markmið skólastefnunnar og kröfur yfirvalda menntamála.

Stór hluti ákvarðanatöku í skólastarfinu er unninn í valddreifð og starfsmenn skipta með sér störfum eftir reynslu og sérviði. Vikulegur kennarafundur er samráðsvettvangur kennara þar sem mál skólans eru lögð fram og rædd og flestar ákvarðanir teknar.

Annað mál á dagskrá var foreldrahandbók. Umfjöllun frestað .

Undir liðnum önnur mál var rætt um skólabrag og samstarfsmenningu. Þarf að vinna að því að auka traust í foreldrasamstarfi. Rætt var um að það gæti verið af ýmsum orsökum, til dæmis samfélagsbreytinga eftir Covid og þeirri menningu sem tengist samfélasmíðlum og spjallþráðum. Ennfremur var farið yfir sögu skólans og rekstur.

Beiðni kom fram á fundinum að rekstraráætlun yrði lögð fram á næsta skólaráðsfundi.